



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og  
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is  
545 8600

Skuggasundi 1,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14  
105 Reykjavík

Reykjavík 7. júlí 2022  
Tilv.: UMH22060108/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar frá 30. júní sl. þar sem óskað er eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs húsnæðis Fisfélags Reykjavíkur við Vesturlandsveg í Reykjavík. Hætta er talin stafa af húsnæðinu vegna eldsvoða sem varð í húsnæðinu 7. júní sl. Búið sé að sækja um starfsleyfi til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og er tillaga að starfsleyfi í auglýsingu til 22. júlí nk. Kröfu um kynningarferli skv. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 hefur því ekki verið fullnægt og því er óskað eftir undanþáguni.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Samkvæmt 75. tölul. í IV. viðauka laganna gefur heilbrigðisnefnd út starfsleyfi vegna niðurrifs mannvirkja. Ráðherra er heimilt skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 4. júlí sl.

Í umsögn Umhverfisstofnunar sem barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 6. júlí sl., segir að samkvæmt upplýsingum frá heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hafi umsókn um starfsleyfi borist þann 22. júní sl., starfsleyfi auglýst 23. júní sl. og frestur til að skila athugasemdum og ábendingum sé til 22. júlí nk. Í beiðni umsækjenda komi fram að ástæða umsóknar um tímabundna undanþágu sé sú að talsverð hætta stafi af húsnæðinu eftir að eldur kviknaði þar 7. júní sl. og því þurfi að rífa það sem fyrst. Umhverfisstofnun telji ekki neitt fram komið því til fyrirstöðu að veita umbeðna undanþágu og að ríkar ástæður mæli með því m.t.t. þeirrar hættu sem stafi af húsnæðinu. Stofnunin telji að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt að því gefnu að heilbrigðisnefnd telji starfsleyfisumsókn fullnægjandi og veiti jákvæða umsögn.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur barst ráðuneytinu með tölvupósti 7. júlí sl. Þar kemur fram að nefndin hafi mótttekið umsókn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrif á húsnæði Fisfélags Reykjavíkur við Úlfarsfell. Sótt sé um tímabundið leyfi

til og með 31. október 2022. Umsóknin sé metin fullnægjandi og hafi heilbrigðisfulltrúi farið í úttekt á verkstað og gerð hafi verið eftirlitsskýrsla. Í úttekt hafi engin spilliefni verið sjáanleg. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hafi sett tillögu að starfsleyfi í auglýsingu þann 23. júní sl. og athugasemdatími sé til 22. júlí nk. Um sé að ræða húsnæði Fisfélags Reykjavíkur við Úlfarsfell sem skemmdist í eldsvoða 7. júní 2022. Húsið sé aðgengilegt óviðkomandi og vegna brunaskemmda telji heilbrigðisnefnd að af því stafi slyshætta. Einnig sé hætta á að fok geti orðið úr rústunum og þar með dreifing á úrgangi. Nefndin telji brýnt að niðurrifinu ljúki sem fyrst og að það tefjist ekki vegna ákvæða um fjögurra vikna auglýsingatíma fyrir tillögu að starfsleyfi. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gefi jákvæða umsögn fyrir veitingu tímabundinnar undanþágu frá starfsleyfi fyrir niðurrifi á húsnæði Fisfélags Reykjavíkur, á meðan nefndin ljúki afgreiðslu umsóknar Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur um starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um lostun frá atvinnurekstri og mengunarvaraeftirlit, að því gefnu að fylgt sé tilteknum skilyrðum.

Eins og fram hefur komið liggur fyrir umsókn um starfsleyfi hjá Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur til niðurrifs á húsnæði Fisfélags Reykjavíkur við Vesturlandsveg. Umrætt hús finnst ekki á skrá. Bent er á að fram séu komnar sérstakar aðstæður sem leiða til þess að þörf er á veitingu undanþágu frá starfsleyfi þar sem húsnæðið er ótryggt og hætta stafar af húsnæðinu vegna eldsvoða sem varð 7. júní sl. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur metið fyrirbyggjandi starfsleyfisumsókn fullnægjandi og nefndin hefur auglýst starfsleyfistillögur á vefsíðu sinni.

Í ljósi þessa, framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, veitir ráðuneytið hér með Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir niðurrif og hreinsun á fasteign húsnæðis Fisfélags Reykjavíkur við Vesturlandsveg við Úlfarsfell í Reykjavík, landnúmer 218183.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan nær eingöngu til niðurrifs á fasteign húsnæðis Fisfélags Reykjavíkur við Vesturlandsveg við Úlfarsfell, landnúmer 218183 eins og kemur fram í umsókn um starfsleyfi.
2. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar skal fara að kröfum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, skilyrðum sem fram koma í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og starfsleyfisskilyrðum fyrir niðurrif húsa og annarra mannvirkja, sbr. auglýsta tillögu að starfsleyfi, <https://reykjavik.is/tillogur-ad-starfsleyfi-i-auglysingu>.
3. Framkvæmdin er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.
4. Að lokinni framkvæmd skal Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar skila niðurrifsskýrslu til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gæti í eftirliti þurft að fylgja eftir kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 5. ágúst 2022.

Nauðsynlegur frágangur vegna framkvæmdarinnar skal vera innan þess tímabils verði ekki gefið út starfsleyfi fyrir 5. ágúst nk.

Ráðuneytið bendir Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar á að forsvarsmönnum bygginga og lóða ber að tryggja öryggi í mannvirkjum, á lóðum og vinnusvæðum

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Íris Bjargmundsdóttir

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Ljósrit: Umhverfisstofnun, Heilbrigðisnefnd\_Reykjavíkur